

## Brottfarartalning fyrir farþega frá Íslandi frá Keflavíkurflugvelli

Brottfarir ferðamanna eru mældar með úrtaksaðferð þar sem farþegar á leið úr landi frá Keflavíkurflugvelli gefa upp þjóðerni sitt.

Frekari upplýsingar: [upplýsingar@ferdamalastofa.is](mailto:upplýsingar@ferdamalastofa.is)

Sími: 535 5500

### Bakgrunnsupplýsingar

Lýsigögn síðast yfirfarin: 10. maí 2024 Síðast uppfærð: 10. maí 2024

Vefslóð: <https://www.ferdamalastofa.is/is/qoqn/fjoldi-ferdamanna/talningar-ferdamalastofu-i-flugstod-leifs-eirikssonar>

Flokkunarkerfi Þjóðerni eins og það kemur fyrir í vegabréfi.

Umfang – þekja Farþegar sem fara frá Íslandi í gegnum Keflavíkurflugvöll.

Mælieining Fjöldi farþega sem fer frá Íslandi í hverjum mánuði skipt niður á þjóðerni.

Þýði Íslendingar og útlendingar á leið úr landi.

Svæði Keflavíkurflugvöllur

Tímabil Ferðamálastofa hóf brottfarartalningar skv. úrtaksaðferð í október 2019 og birtir niðurstöður mánaðarlega.

Lög og reglugerðir

- [Lög um Ferðamálastofu nr. 96/2018](#)
- [Reglugerð um gagnaöflun og rannsóknir á sviði ferðamála nr. 20/2020](#)

Uppruni gagna **Ferðamálastofa:** Þjóðernatalning.

**Isavia:** Heildartölur um farþegafjölda frá flugfélögum sem fara um flugvöllinn.

Birtingarstaður og tíðni Tölur um fjölda farþega eftir þjóðernum eru gefnar út mánaðarlega skv. birtingaáætlun Ferðamálastofu. Niðurstöður birtast á virkum degi, nálægt 10. degi hvers mánaðar eftir því sem við verður komið.

Gefin er út fréttatilkynning, þar sem helstu niðurstöður næstliðins mánaðar eru reifaðar í máli og myndum. Niðurstöður eru birtar í töflum sem eru uppfærðar reglubundið í excel-skjali á [vefsíðu Ferðamálastofu](#).

Sama dag er hægt að skoða niðurstöður mælinga í mælaborði ferðaþjónustunnar.

<https://www.maelabordferdathjonustunnar.is/is/fartheGAR/keflavikurflugvollar>

Birtingaráætlun <https://www.ferdamalastofa.is/is/gogn/birtingaraaetlun>

Alþjóðlegur samanburður Verkefnið safnar gögnum sem nýtast við samanburð á fjölda ferðamanna og samsetningu ferðamanna í öðrum löndum. Ísland hefur sérstöðu að því leyti að langflestir ferðalangar ferðast til og frá landinu um Keflavíkurflugvöll. Ferðamálastofu er ekki kunnugt um að talningin eigi sér fordæmi á Schengensvæðinu. Hins vegar leitast mörg lönd við að útbúa tölfræði um þjóðernaskiptingu ferðamanna með einhverjum hætti, til að mynda út frá niðurstöðum kannana, gistinátatalninga og skráninga inn í landið.

## Aðferðafræði

### Aðferð

Ferðamálastofa stendur að brottfarartalningum í Flugstöðinni í Keflavík til að meta þjóðernaskiptingu þeirra farþega sem fara af landi brott. Farþegar eru spurðir um þjóðerni áður en þeir ganga inn í öryggisleit.

Talningar eru skipulagðar í lotum sem eru 4 klst. langar. Lotunum er jafndreift yfir hvern mánuð þannig að á mánaðargrundvelli hefur verið talið á öllum tímum sólarhrings þegar öryggisleit er opin, auk þess sem leitast er við að mæla með sem jöfnustum hætti yfir alla vikudaga. Tekið er tillit til flugáætlunar Isavia við skipulag talninga sem leiðir til þess að talningar eru tíðari þegar meiri umferð er um Keflavíkurflugvöll, s.s. yfir sumartímann, en minni á öðrum tímum.

Áætlað er að talningar fari fram í um 1600 klukkustundir á árinu 2024 sem er um 30% aukning frá fyrirkomulagi fyrra árs.

Á tímabilinu október 2019 til desember 2023 var talningarfyrirkomulagið sambærilegt, en þá var talið í um 100 klukkustundir á mánuði eða sem samsvaraði 1200 klst. á ári.

Talningar berast Ferðamálastofu rafrænt. Niðurstöður eru teknar saman mánaðarlega, þar sem Ferðamálastofa reiknar hlutfallslega skiptingu brottfararfarþega. Skiptingin er svo umreiknuð til farþegafjölda á þjóðerni út frá upplýsingum frá Isavia um heildarfjölda brottfara.

Talningar ná til þjóðerna eftirfarandi ríkja og ríkjahópa auk Íslands:

Evrópulönd: Austurríki, Belgía, Bretland, Danmörk, Eystrasaltlönd (Eistar, Lettar, Litháar taldir saman), Finnland, Frakkland, Holland, Írland, Ítalía, Noregur, Pólland, Spánn, Sviss, Svíþjóð og Þýskaland. Aðrir Evrópubúar teljast í flokknum Evrópa-annað.

Lönd í Norður-Ameríku: Bandríkin, Kanada.

Asíulönd: Indland, Japan, Kína (meginland og Hong Kong), Singapúr, Suður-Kórea, Taívan. Aðrir Asíubúar teljast í flokknum Asía-annað.

Önnur lönd og landahópar: Ísrael, Rússland, Miðausturlönd, Mið-Ameríka, Suður-Ameríka.

Annað/óþekkt: Lönd sem ekki eru talin sérstaklega, ríkisfangslausir eða aðilar án vegabréfa.

Ferðamálastofa leitast við að birta niðurstöður í eins mikilli sundurliðun og gögnin leyfa.

### Nákvæmni og áreiðanleiki

Sú staða hér á Íslandi að flestir ferðalangar til og frá landinu í ferðast í gegnum Keflavíkurflugvöll gerir það að verkum að talning á þjóðernum brottfararfarþega er bæði raunhæf og líkleg til að ná góðri mynd af þjóðernaskiptingu ferðamanna.

Hins vegar þarf að hafa eftirfarandi varnagla í huga sem hafa áhrif á áreiðanleika og getu mælinga til að svara upplýsingum um ferðamenn.

- Brottfarartalningarnar segja ekki til um hvort brottfararfarþegi er ferðamaður á Íslandi eða hvort hann er búsettur á landinu. Gera þarf ráð fyrir áhrifum þessa á talningar, svo sem vegna utanferða

útlendinga sem eru búsettir hérlandis eða Íslendinga sem eru búsettir erlendis.

- Sumir tengifarþegar (self-connecting) eru með aðskildar bókanir og koma því inn í farþegatalningar þrátt fyrir að hafa ekki verið ferðamenn á Íslandi. Könnun sem Isavia vann á árunum 2017-2018 gáfu til kynna að hlutfall tengifarþega hafi getað verið á bilinu 1,6%-8,4%.
- Talningar eftir þjóðernum á Keflavíkurflugvelli er ekki hægt að yfirfæra á farþega um aðra komustaði til landsins.
- Talning fer fram þar sem almennir farþegar fara í öryggisleit. Farþegar sem fara inn um forgangshlið eru ekki taldir.

Endurskoðun brottfarartalninga Niðurstöður brottfarartalninga eru ekki endurskoðaðar nema á grundvelli nýrra upplýsinga eða staðfesta ágalla sem hægt er að leggja tölulegt mat á. Komi til endurskoðunar, er gerð grein fyrir því samhliða birtingu talnaefnis.

Heildstæðni gagna Það talningarfyrikomulag (úrtaksmæling) sem nú er í gildi við brottfarartalningar var tekið upp í meginatriðum árið 2019, eins og fram kom í kaflanum um aðferð við mælingar.

Á árunum 2002-2019 var verkefnið unnið í samstarfi Isavia og Ferðamálastofu. Þá sáu starfsmenn Isavia um talningar allan sólarhringinn á meðan öryggisleit var opin. Allir farþegar voru taldir.

Þjóðernaskipting við talningar:

Framan af eða frá mars 2002 voru 15 þjóðerni talin: Bandaríkjamenn, Bretar, Danir, Finnar, Frakkar, Hollendingar, Íslendingar, Ítalir, Japanir, Kanadamenn, Norðmenn, Spánverjar, Svisslendingar, Svíar og Þjóðverjar. Önnur þjóðerni lentu í flokknum „Annað“. Í mars 2007 var byrjað að telja Kínverja og Pólverja og í júní 2010 Rússa.

Í júní 2017 var þjóðernum fjölgað úr 18 í 30. Þjóðernin sem bættust við voru: Austurríkismenn, Ástralir/Ný-Sjálendingar (taldir saman), Belgar, Eystrasaltsbúar (Eistar, Lettar og Litháar taldir saman), Indverjar, Ísraelsmenn, Hong-Kong búar, Singapúrbúar, Suður-Kóreumenn og Taívanir. Í janúar 2021 var farið að greina flokkinn „önnur þjóðerni“ eftir heimshlutum: Annað Evrópa, Miðausturlönd, Annað Asía, Mið-Ameríka, Suður-Ameríka, Annað.

Tímaraðir fyrir þjóðernaskiptingu í brottfarartalningum eru til frá apríl árið 2002 og eru þær aðgengilegar á vef Ferðamálastofu.

Engar mælingar voru gerðar á tímabilinu janúar 2001 til febrúar 2002.

### Eldri mælingar

Á tímabilinu 1949-2000 voru unnar talningar á vegum Útlendingaeftirlitsins, en þeim var hætt í árslok 2000 þegar Ísland gerðist aðili að Schengen samstarfinu (21. mars 2001) sem hafði í för með sér frjálsa för farþega yfir landamæri innan Evrópu. Á þessu tímabili voru allir farþegar til og frá landinu taldir eftir þjóðernum.

Grunngögn Ekki er veittur aðgangur að grunngögnum, en niðurstöður um þjóðernaskiptingu eru birtar í eins mikilli sundurliðun og gögnin leyfa.

## Annað

Athugasemdir Verkefnið er á rannsóknaráætlun Ferðamálastofu 2023-2025 <https://www.ferdamalastofa.is/is/rannsoknir/rannsoknaraaetlun-2023-2025>

Könnun Isavia á hlutfalli tengifarþega 2017-2018:

<https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/ny-konnun-um-hlutfall-sjalftengifartheга-og-erlendra-rikisborgara>.